

stefnda, kr. 1440.00 frá verðlagi Sildarverksmiðja ríkisins á Siglu-firði, verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu þykir rétt, að upphæð sú, er stefnandi hefur krafizt dóms fyrir, verði lækkuð um kr. 13225.50. Gegn mótmælum stefnda verða honum heldur ekki dæmdir hærri vextir af skuld stefnda en 6%. Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 72.722.90 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 2. október 1956. Þá ber að staðfesta framangreinda löghaldsgerð, er stefnandi lét leggja á eignir stefnda 27. september 1956.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Sigurður Sigurðsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum, þeim Haraldi Júlíussyni kaupmanni og Valgarði Blöndal sparisjóðsstjóra. Vegna fráafa stafandi af sjúkleika dómsformanns hefur dómur ekki orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndi, Sigurður Sigfússon f. h. Fiskimjöls h.f., greiði stefnandanum, Marteini Friðrikssyni f. h. Fiskiðju Sauðárkróks h.f., kr. 72.722.90 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1956 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1957.

Nr. 156/1955. **Elías Benediktsson**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Bæjarstjórn Akraness f. h. Akranesskaupstaðar

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gerð starfssamnings eigi sönnuð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1955, gerir þær dómkröfur, að stefndi

verði dæmdur til að greiða honum kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 17. marz 1955, til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi um vætti vitna, er ljóst, að ósannað er með öllu, að áfrýjandi hafi verið ráðinn til hins umrædda starfs af þar til bærum aðilja.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Áfrýjun máls þessa var að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elías Benediktsson, greiði stefnda, bæjarstjórn Akraness f. h. Akranesskaupstaðar, málskostnað í Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akranesskaupstaðar 26. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Elíasi Benediktssyni netjagerðarmanni, Suður-götu 28, Akranesi, gegn bæjarstjórn Akranesskaupstaðar vegna Akranesskaupstaðar með stefnu, útgefinni 17. marz s.l.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi, Akranesskaupstaður, verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur fyrir samningsrof, að upphæð kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 17. marz s.l. til borgunardags, og málskostnað að skaðlausu.

Tildrög málsins tjáir stefnandi þau, að hann hafi á s.l. hausti verið ráðinn forstöðumaður netjagerðarverkstæðis, sem bæjarútgerð Akraness hugðist þá stofnsetja á Akranesi, og hafi mán-aðarlaun hans þar átt að verða kr. 4000.00 á mánuði fyrir 8 stunda vinnu á dag. Hafi hann verið beðinn af einum af þremur nefndarmönnum í togaranefnd Akraness, Sigurdóri Sigurðssyni, að taka þetta starf að sér, og þetta verið gert í samráði við þáverandi framkvæmdastjóra bæjarútgerðar Akraness, Karl Jóns-son.

Kveðst stefnandi hafa sagt lausu starfi við netjagerð hjá Fiski-

veri h/f á Akranesi þann 5. október 1954 í því skyni að taka við forstöðu netjagerðar bæjarútgerðarinnar þann 10. október 1954. Stefnandi kveðst hafa haft á hendi netjagerðarstörf hjá Fiskiveri h/f á Akranesi frá 10. október 1953, þar til hann sagði því upp og hætti 10. október 1954.

Dómkröfur sínar rökstyður stefnandi þannig:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Fyrir ráðningu að netjagerð bæjarútgerðarinnar, kaup í tvo mánuði, eða frá 11/10—11/12 1954, kr. 4.000.00 á mánuði | kr. 8.000.00 |
| 2. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur frá 11/12 1954 með 4.000.00 á mánuði | — 12.000.00 |
| <hr/> | |
| Samtals | kr. 20.000.00 |

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að stefnandi hafi verið ráðinn starfsmaður bæjarútgerðar Akraness eða forstöðumaður netjagerðar þess fyrirtækis. Hafi að vísu komið til orða að stofna til netjagerðarverkstæðis fyrir bæjarútgerðina og stefnandi spurður að því af einum togaranefndarmanna, Sigurdóri Sigurðssyni, hvort hann vildi taka forstöðu slíks verkstæðis að sér, ef stofnað yrði, og stefnandi tjáð sig fúsan til þess að takast slíkt á hendur. Til ráðningar hafi aldrei komið, fyrst og fremst vegna þess að togaranefndin á Akranesi felldi með 2 atkvæðum gegn 1 á fundi sínum 8. nóvember 1954 að stofna til slíks netjagerðarverkstæðis fyrir bæjarútgerðina. Um þessa ályktun togaranefndarinnar hafi stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi heyrt „orðafleipur“ um, að felld hafi verið á fundi þessum að stofna netjagerðarverkstæðið, en tilkynningu um það frá bæjarútgerðinni hafi sér aldrei borizt.

Stefndi telur augljóst mál, að stefnandi hafi fylgzt með því, hvað þessu máli leið og því vitað strax um úrslit máls þessa á fundi togaranefndarinnar 8. nóvember 1954. Hann hafði enga atvinnu misst við uppsögn sína hjá Fiskiveri h.f., því að hann gat unnið við netjagerð heima hjá sér á Suðurgötu 28 á Akranesi og muni hafa gert það.

Framkvæmdastjórinn, Karl Jónsson, sem hætti störfum hjá bæjarútgerðinni 1. janúar 1955, hafi aldrei samþykkt að ráða stefnanda, nema ef til þess kæmi, að netjagerðin yrði sett á stofn.

Skulu nú athugaðir vitnaframburðir og annað það, sem fram hefur komið í málinu.

Vitnið Karl Jónsson skýrir svo frá, að strax eftir að það tók við framkvæmdastjórastarfi hjá Bæjarútgerð Akraness um miðjan septembermánuð 1954, hafi það borizt í tal með því og Sigurdóri Sigurðssyni, verkstjóra bæjarútgerðarinnar, hvort ekki væri æskilegt, að bæjarútgerðin stofnaði og starfrækti netjagerðarverkstæði. Hafi talast svo til með þeim, að Sigurdór skyldi líta í kringum sig eftir heppilegum manni til að veita verkstæðinu forstöðu, ef af stofnun þess yrði. Segir vitnið, að stefnandi, Elías Benediktsson, hafi komið og talað við það, að því er vitnið bezt man, fyrstu dagana í október 1954, enda hafi því verið kunnugt um, að stefnandi og Sigurdór hafi þá þegar átt tal saman um stofnun umrædds netjaverkstæðis.

Vitnið kveðst hafa tjáð stefnanda, er þeir áttu tal saman um þetta í byrjun október, sem fyrr greinir, að ef til þess kæmi að stofna umrætt verkstæði, þá hefði vitnið ekkert við það að athuga, að stefnandi yrði ráðinn forstöðumaður þess. Um það bil hálfum mánuði eftir að vitnið og stefnandi áttu tal saman samkvæmt framangreindu, segir vitnið, að stefnandi hafi komið að máli við það og spurt, hvað málinu liði.

Kveðst vitnið þá hafa tjáð stefnanda, að af þessu hefði ekkert orðið ennþá. Málið hefði verið tekið fyrir í stjórn bæjarútgerðarinnar, frá því að þeir töluðust við í fyrra sinnið, en því hefði verið vísað frá.

Vitnið kveðst hafa fengið bréf frá stefnanda í byrjun nóvembermánaðar 1954 og telur, að rétt kunni að vera, að stefnandi hafi þar meðal annars spurt, hvenær starf hans við netjaverkstæðið ætti að hefjast. Kveðst vitnið hafa svarað bréfi þessu munnlega nokkuð löngu síðar, þar sem það kveðst áður hafa verið búið að tjá stefnanda þegar í fyrsta samtali þeirra, að það myndi láta hann vita, ef eða þegar að því kæmi, að af starfinu yrði.

Vitnið Sigurdór Sigurðsson segir, að það muni hafa verið laust fyrir mánaðamótin sept./okt. 1954, að það átti fyrst tal við stefnanda um það, hvort hann myndi fánlegur til að vinna sem netjagerðarmaður á netjagerðarverkstæði bæjarútgerðarinnar, ef til þess kæmi, að það yrði stofnað. Segir vitnið, að stefnandi hafi gefið kost á sér til starfsins, en hafi jafnframt tekið fram, að fyrir 10. eða 15. október, vitnið man ekki, hvort heldur, þyrfti hann að fá að vita, hvort nokkuð yrði af þessu. Kveðst vitnið síðan hafa skýrt framkvæmdastjóra bæjarútgerðarinnar frá þessu samtali við stefnanda, en framkvæmdastjórinn hafi sagt vitninu að láta stefnanda koma og tala við sig.

Vitnið segir, að er það hafi dregið á að verkstæðið yrði stofnað,

hafi stefnandi komið að máli við það oftast en einu sinni til að spyrjast fyrir um, hvernig málið gengi, og kveðst vitnið ávallt hafa tjáð stefnanda, að hann ætti ráðningu sína undir framkvæmdastjóra útgerðarinnar, enda kveðst vitnið hafa tjáð stefnanda, að það hefði enga heimild til að ráða.

Eftir að þetta samtal stefnanda og vitnisins fór fram, kveður vitnið málið hafa verið rætt í útgerðarráði bæjarútgerðarinnar og felld þar.

Vitnið Þorvaldur Steinason kveður Sigurdór Sigurðsson hafa sagt í samtali við stefnanda, Elías Benediktsson, á heimili vitnisins s.l. vetur, að stefnandi hefði verið ráðinn sem forstjóri við netjagerðarverkstaði Bæjarútgerðar Akraness, og jafnframt hafi Sigurdór sagt, að hann skyldi bera það, hvar sem væri, að stefnandi hefði verið ráðinn að þessu starfi. Segir vitnið samtal þetta hafa átt sér stað um mánaðamótin jan./febr. s.l. Enn fremur segir vitnið, að Jóhann Jóhannsson, Krókatúni 14, hafi fyrst getið um þessa ráðningu við það snemma í október s.l. Kveðst vitnið hafa litið svo á samkvæmt áðurgreindu samtali á heimili þess, að Sigurdór Sigurðsson og Karl Jónsson, forstjóri bæjarútgerðarinnar, hefðu báðir staðið að ráðningu stefnanda.

Vitnið Ásgeir Guðmundsson kveður sér vera kunnugt um, að Sigurdór Sigurðsson hafi átt tal við stefnanda, Elías Benediktsson, í næsta herbergi við vitnið í „Fiskiveri“ snemma á s.l. sumri. Kveðst vitnið hafa heyrt „ávæning“ af samtalinu yfir í sitt herbergi. Segir vitnið, að Elías hafi, að samtalinu loknu, skýrt sér frá því, að efni þess hefði verið það, að stefnandi, Elías Benediktson, yrði ráðinn að væntanlegri netjagerð bæjarútgerðarinnar. Segir vitnið, að það, sem það hafi heyrt af samtalinu, hafi verið þessu viðvirkjandi, eins og Elías hafi skýrt sér frá. Auk þess hefði stefnandi áður verið búinn að segja vitninu, að mála-leitan þessu viðvirkjandi hefði verið í frammi höfð við sig.

Vitnið Hallfreður Guðmundsson segir, að eftir eigin sögn Sigurdórs Sigurðssonar hafi Sigurdór ráðið stefnanda við væntanlega netjagerð, ef upp yrði sett. Þá hafi og Karl Jónsson margtekið fram við vitnið, að hann hafi samþykkt ráðningu stefnanda, Elíasar, á þeim forsendum, ef þetta fyrirtæki yrði stofnsett. Með „forsendum“ kveðst vitnið eiga við: „Með því skilyrði, að ef þetta yrði stofnsett, þá yrði Elías ráðinn að því“.

Enn fremur segir vitnið, að á fundi í janúarmánuði s.l., er þeir voru mættir á, vitnið, Sigurdór Sigurðsson, Karl Jónsson og stefnandi, Elías Benediktsson, hafi Sigurdór viðurkennt að hafa ráðið Elías, en jafnframt hafi hann tekið fram, að fyrir því væri

hann einn, þ. e. Sigurdór, ábyrgur, enda hefði hann margtekið fram á stjórnarfundum útgerðarinnar, að hann teldi sig persónulega ábyrgan fyrir ráðningunni.

Þá segir og vitnið, að Karl Jónsson hafi tekið fram, að hann myndi standa við öll sín loforð gagnvart stefnandanum, Elíasi, en það hafi ekki virzt koma fram í samtalinu, hver þau voru.

Af framangreindum vitnaframburði og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, verður ekki séð þrátt fyrir staðhæfingu stefnanda, Elíasar Benediktssonar, að hann hafi verið fastráðinn við umrætt netjagerðarverkstæði af nokkrum þeim, sem heimild höfðu til að ákveða slíka ráðningu. Enda ávallt sá fyrirvari á hafður, er rætt var við stefnanda um starf þetta, að hann yrði ráðinn til þess, ef til kæmi, að bæjarútgerðin stofnsetti netjagerðarverkstæði.

Þá verður og að ætla, að stefnanda hafi verið kunnugt um þá ákvörðun togaranefndar á fundi hennar 8. nóvember 1954, að umrætt netjagerðarverkstæði yrði ekki sett á stofn, enda þótt honum hafi ekki verið tilkynnt það formlega, því að ætla má, að honum hafi verið það sérstakt áhugamál að fylgjast með endanlegri ákvörðun togaranefndarinnar um þetta, ekki sízt, hafi hann verið búinn að segja upp öðru starfi þess vegna og verið að bíða eftir hinu nýja starfi.

Loks verður ekki talið nægilega sannað, að stefnandi hafi sagt upp eða hætt fastlaunuðu starfi, vegna þess að hann teldi sig vera ráðinn til margumrædds starfs hjá stefnda í máli þessu.

Í vottorði forstjóra Fiskivers h.f. um þetta atriði á dómskjali nr. 8 segir svo:

„Þann 5. október síðastliðinn lét hr. Elías Benediktsson mig vita, að hann mundi hætta störfum við netjagerð hjá Fiskiveri h.f. 10. október. Tilefnið kvað hann vera, að hann væri ráðinn netjagerðarmaður hjá „Bæjarútgerð Akraness“, enda hafði ég heyrt það áður, að slíkt stæði til.

Af orðalaginu: „lét hr. Elías Benediktsson mig vita, að hann mundi hætta störfum ...“ o. s. frv., verður naumast ráðið, að stefnandi hafi verið fastráðinn hjá Fiskiveri h.f., enda hefði hann þá vafalaust þurft lengri uppsagnarfrest en frá 5. til 10. október. Auk þess hefur komið fram í málinu, að stefnandi hefur unnið meira og minna við netjagerð heima hjá sér, frá því að hann hætti hjá Fiskiveri h.f., og er því með öllu ósannað, að hann hafi orðið fyrir nokkru fjárhagstjóni í sambandi við mál þetta.

Af framangreindum ástæðum verður að sýkna stefnda, bæjar-

stjórn Akranesskaupstaðar f. h. Akranesskaupstaðar, af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnanda, Elías Benediktsson, til að greiða stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. Akranesskaupstaðar, málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Benedikts-sonar, í máli þessu.

Stefnandi, Elías Benediktsson, greiði stefnda, bæjarstjórn Akranesskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1957.

Nr. 151/1955. **Skipaútgæð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn

Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ómerking máls og frávisun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og